

Barna- og fjölskyldustofa
02 740

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Starfspáttayfirlit	6
Skýringar	7

Barna- og fjölskyldustofa
kt. 700595-2699
Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Barna- og fjölskyldustofa er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra.

Barna- og fjölskyldustofa annast stjórnsýslu á því sviði sem barnaverndarlög ná til. Ráðherra ákveður aðsetur Barna- og fjölskyldustofu og skipar forstjóra hennar. Barna- og fjölskyldustofa skal vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og vera ráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í málaflokknum. Hún skal hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknastarf á sviði barnaverndar. Barna- og fjölskyldustofa skal hafa með höndum leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga og fræðslu og ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir í landinu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 29 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Samanburðartölur eldra árs eru frá fjárlagalið 07-400.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 2.054,3 milljónir og afkoma kr. 44,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 168,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.441,9 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Barna- og fjölskyldustofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Barna- og fjölskyldustofu fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Ólöf Ásta Farestveit,
forstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.934.700.000	1.532.500.000
Seld þjónusta	3	64.984.992	20.688.704
Framlög og ýmsar tekjur	4	40.891.793	164.804.741
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	13.708.929	13.330.571
Tekjur samtals		2.054.285.714	1.731.324.016
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.538.165.378	1.266.312.311
Framlög og tilfærslur		2.000.000	0
Annar rekstrarkostnaður	6	455.745.612	447.657.257
Afskriftir	7	13.708.929	13.330.571
Gjöld samtals		2.009.619.919	1.727.300.139
Afkoma fyrir fjármagnsliði		44.665.795	4.023.877
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(31.325)	(62.589)
		(31.325)	(62.589)
Afkoma ársins		44.634.470	3.961.288
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	46.634.470	3.961.288
Rekstrartilfærslur		(2.000.000)	0
		44.634.470	3.961.288

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir		0	14.176
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		55.733.460	42.843.971
Farartæki og vélar		6.201.653	8.141.407
Aðrar eignir		36.550	42.129
Verk í vinnslu, fasteignir		9.246.403	9.246.403
		<u>71.218.066</u>	<u>60.273.910</u>
Fastafjármunir samtals		<u>71.218.066</u>	<u>60.288.086</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		18.681.632	7.690.468
Tengdir aðilar	9	1.317.930.050	1.077.129.703
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		26.141.632	10.709.325
Handbært fé		7.931.396	4.860.917
		<u>1.370.684.710</u>	<u>1.100.390.413</u>
Veltufjármunir samtals		<u>1.370.684.710</u>	<u>1.100.390.413</u>
Eignir samtals		<u>1.441.902.776</u>	<u>1.160.678.499</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		168.670.239	124.035.769
		<u>168.670.239</u>	<u>124.035.769</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	5.148.620	2.848.389
Viðskiptaskuldir		36.544.051	45.326.691
Ýmsar skammtímaskuldir	11	139.387.526	108.678.047
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	1.092.152.340	879.789.603
		<u>1.273.232.537</u>	<u>1.036.642.730</u>
Skuldir samtals		<u>1.273.232.537</u>	<u>1.036.642.730</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.441.902.776</u>	<u>1.160.678.499</u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		44.634.470	3.961.288
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	13.708.929	13.330.571
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(13.708.929)	(13.330.571)
		<u>44.634.470</u>	<u>3.961.288</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(26.423.471)	4.681.924
Tengdir aðilar		(37.067.359)	(2.196.345)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		21.926.839	(4.455.742)
		<u>(41.563.991)</u>	<u>(1.970.163)</u>
		<u>3.070.479</u>	<u>1.991.125</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(24.638.909)	(3.985.298)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu		0	(1.969.531)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		671.666	50.000
		<u>(23.967.243)</u>	<u>(5.904.829)</u>
Fjármögnunarmhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		23.967.243	5.904.829
		<u>23.967.243</u>	<u>5.904.829</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		3.070.479	1.991.125
		<u>4.860.917</u>	<u>2.869.792</u>
		<u>7.931.396</u>	<u>4.860.917</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2022, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Almennur rekstur		Heimili fyrir börn og unglunga	Viðbygging	Samtals 2022
	02 740 101	02 740 120	02 740 621		
Málefna svið - málaflokkur					
	29 40	29 40	29 40		
Tekjur					
Tekjufærsla fjárveitinga	1.681.600.000	253.100.000	0	1.934.700.000	
Seld þjónusta	5.529.992	59.455.000	0	64.984.992	
Framlög og ýmsar tekjur	40.891.793	0	0	40.891.793	
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	13.178.763	530.166	0	13.708.929	
Tekjur samtals	1.741.200.548	313.085.166	0	2.054.285.714	
Gjöld					
Laun og launatengd gjöld	1.154.693.849	383.471.529	0	1.538.165.378	
Rekstrartilfærslur	2.000.000	0	0	2.000.000	
Annar rekstrarrestgjöld	380.821.542	73.606.430	1.317.640	455.745.612	
Afskriftir	13.178.763	530.166	0	13.708.929	
Gjöld samtals	1.550.694.154	457.608.125	1.317.640	2.009.619.919	
Afkoma fyrir fjármagnsliði	190.506.394	(144.522.959)	(1.317.640)	44.665.795	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(30.441)	(884)	0	(31.325)	
	(30.441)	(884)	0	(31.325)	
Afkoma ársins	190.475.953	(144.523.843)	(1.317.640)	44.634.470	
Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum					
Rekstur	192.475.953	(144.523.843)	(1.317.640)	46.634.470	
Rekstrartilfærslur	(2.000.000)	0	0	(2.000.000)	
	190.475.953	(144.523.843)	(1.317.640)	44.634.470	
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:					
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	1.599.600.000	250.800.000	0	1.850.400.000	
Launbætur	12.000.000	2.300.000	0	14.300.000	
Millifærslur milli fjárlagaliða	70.000.000	0	0	70.000.000	
Fjárveiting til tekna	1.681.600.000	253.100.000	0	1.934.700.000	
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(1.491.124.047)	(397.623.843)	(1.317.640)	(1.890.065.530)	
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	190.475.953	(144.523.843)	(1.317.640)	44.634.470	
Staða fjárveitinga 2021 í lok þess árs	64.981.869	59.053.900	0	124.035.769	
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum					
Rekstur	257.457.822	(85.469.943)	(1.317.640)	170.670.239	
Rekstrartilfærslur	(2.000.000)	0	0	(2.000.000)	
	255.457.822	(85.469.943)	(1.317.640)	168.670.239	
Fjárfestingar					
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum	6.500.000	0	218.900.000	225.400.000	
Fjárfesting á árinu	(20.271.642)	(4.367.267)	0	(24.638.909)	
Staða fjárfestingarfjárveitingar	(13.099.976)	(4.367.267)	218.900.000	201.432.757	
Staða fjárfestinga 2021 í lok þess árs	(35.609.971)	(1.756.793)	856.868.281	819.501.517	
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2022	(48.709.947)	(6.124.060)	1.075.768.281	1.020.934.274	

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði mótttekis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningssskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Skýringar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.934.700.000	1.532.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	13.708.929	13.330.571
	<u>1.948.408.929</u>	<u>1.545.830.571</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.850.400.000	0	0	1.850.400.000
Launabætur	14.300.000	0	0	14.300.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	70.000.000	0	0	70.000.000
Fjárveiting til tekna	1.934.700.000	0	0	1.934.700.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(1.888.065.530)	(2.000.000)	0	(1.890.065.530)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	46.634.470	(2.000.000)	0	44.634.470

	2022	2021
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	4.571.492	4.206.204
Ýmsar þjónustutekjur	958.500	382.500
Gjöld fyrir vistun	59.455.000	16.100.000
	<u>64.984.992</u>	<u>20.688.704</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	37.880.000	155.066.323
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	0	5.159.320
Ýmsar tekjur	3.011.793	4.579.098
	<u>40.891.793</u>	<u>164.804.741</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	1.224.254.133	1.037.929.304
Orlof, breyting	25.026.376	(12.108.912)
Launatengd gjöld	276.737.885	232.486.197
Starfsmannakostnaður	12.146.984	8.005.722
	<u>1.538.165.378</u>	<u>1.266.312.311</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	117,0	102,8

Skýringar

	2022	2021
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.692.123	2.732.014
Byggingarvörur, almennar	1.625.419	1.431.601
Byggingarvörur, aðrar	86.855	135.548
Tæki og búnaður til innréttinga	588.449	74.352
Ýmis tæki og áhöld	4.519.476	2.765.859
Varahlutir og viðhaldsvörur	243.413	53.654
Orkugjafar	12.122.626	9.506.325
Matvæli	44.505.190	35.852.363
Almennar rekstrarvörur	7.116.578	4.566.771
Vörukaup, almenn	73.500.129	57.118.487
Rannsóknarstofuefni	1.797.600	1.109.412
Kennslu- og föndurvörur	793.184	691.964
Ýmsar sérgreindar vörur	324.001	281.398
Vörukaup, sérgreind	2.914.785	2.082.774
Fundir, námskeið, risna	5.715.893	8.599.094
Ferðir, uppihald	20.879.741	9.539.991
Akstur	27.781.005	20.651.095
Sérfræðiþjónusta	41.851.377	34.140.749
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	285.979	158.023
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	5.598.265	1.366.386
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	5.573.159	5.798.134
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	107.685.419	80.253.472
Samningsbundin kaup og leiga	106.894.921	164.125.946
Afnotagjöld	37.590.464	39.728.642
Leigugjöld	91.400.575	85.000.690
Notkun véla og flutningatækja	1.476.897	60.140
Verkkaup	28.477.405	14.732.011
Kostnaðarhlutdeild	3.268.942	2.486.761
Áhættutap og bætur	677.000	0
Tryggingar, lögboðnar	765.779	1.030.762
Opinber gjöld	1.045.820	972.063
Tilfærslur	14.000	65.509
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	271.611.803	308.202.524
Annar rekstrarkostnaður samtals	455.745.612	447.657.257
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	11.463.144	10.145.638
Farartæki og vélar	2.226.030	2.821.184
Aðrar eignir	5.579	5.579
Sölutap og úrehtar eignir	0	188.683
Niðurfærsla óefnislegra eigna	14.176	169.487
	13.708.929	13.330.571

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	55.733.460	42.843.971
Farartæki og vélar	6.201.653	8.141.407
Aðrar eignir	36.550	42.129
	61.971.663	51.027.507
Verk í vinnslu, fasteignir.....	9.246.403	9.246.403
	71.218.066	60.273.910

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	95.421.367	29.312.859	87.691	124.821.917
Viðbætur á árinu	24.352.633	286.276	0	24.638.909
	119.774.000	29.599.135	87.691	149.460.826
Afskriftir 01.01.2022	52.577.396	21.171.452	45.562	73.794.410
Afskrift ársins	11.463.144	2.226.030	5.579	13.694.753
	64.040.540	23.397.482	51.141	87.489.163
Staða 31.12.2022	55.733.460	6.201.653	36.550	61.971.663

31.12.2022 31.12.2021

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	1.317.856.080	1.077.129.703
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	73.970	0
	1.317.930.050	1.077.129.703

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	5.148.620	2.848.389
	5.148.620	2.848.389

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	124.035.769	120.074.481
Afkoma ársins	44.634.470	3.961.288
Jöfnuður 31.12.	168.670.239	124.035.769

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
11 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	131.312.375	106.285.999
Önnur ógreidd gjöld	8.075.151	2.392.048
	<u>139.387.526</u>	<u>108.678.047</u>

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	71.218.066	60.288.086
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	1.020.934.274	819.501.517
	<u>1.092.152.340</u>	<u>879.789.603</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	60.288.086	819.501.517	879.789.603
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	225.400.000	225.400.000
Áhrif seldra eigna	0	671.666	671.666
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	24.638.909	(24.638.909)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(13.708.929)	0	(13.708.929)
	<u>71.218.066</u>	<u>1.020.934.274</u>	<u>1.092.152.340</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 13,5 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert bundna og ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og rekstrar- og þjónustusamninga til næstu ára. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 96,7 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 67,7 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.